



ORKUSTOFNUN


Auðlindadeild

**Þríhyrninganet Orkustofnunar
á Austurlandi endurreiknað
með viðmiðun ÍSN93**

Gunnar Þorbergsson

2000

OS-2000/024



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 3 580 525


Gunnar Þorbergsson

**Príhyrninganet Orkustofnunar
á Austurlandi endurreiknuð
með viðmiðun ÍSN93**

OS-2000/024

Apríl 2000

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 5688896
Netfang os@os.is - Heimasíða <http://www.os.is>

Skýrsla nr: OS-2000/024	Dags: Apríl 2000	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Þríhyrninganet Orkustofnunar á Austurlandi endurreiknuð með viðmiðun ÍSN93	Upplag: 50	
	Fjöldi síðna: 70	
Höfundar: Gunnar Þorbergsson	Verkefnisstjóri: Gunnar Þorbergsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Landmælingar, framhald verkefnis	Verknúmer: 3-580525	
Unnið fyrir:		
Samvinnuaðilar: Landmælingar Íslands, Landssími Íslands hf, Landsvirkjun, Orkustofnun, Vegagerðin		
Útdráttur: Gögn varðandi þríhyrningamælingar Raforkumálaskrifstofunnar og Orkustofnunar á Austurlandi frá 1953 til 1989 voru notuð ásamt niðurstöðum GPS-mælinga 1993, 1995 og 1997-98 til að endurreikna þríhyrninganetin með viðmiðun ÍSN93. Ennfremur er greint frá aðferðum við að breyta hnitum einstakra punkta eða safni punkta á vigruðum kortum með viðmiðun 'Hjörsey 1955' í hnit með viðmiðun ÍSN93.		
Lykilorð: Austurland, GPS, ÍSN93, kortagerð, landsnet, viðmiðun, þríhyrninganet	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: PI	

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	7
2 ÞRÍHYRNINGANET ENDURREIKNUD	8
2.1 Yfirlit	8
2.1.1 Myndir	8
2.1.2 Mæligögn	8
2.1.2.1 Hornamælingar	8
2.1.2.2 Lengdarmælingar	9
2.1.2.3 Hjástæðar mælingar	9
2.1.3 Jöfnun mæliskekkja	9
2.2 Aðalnet á Fljótsdalsheiði	10
2.3 Annarrar gráðu net og Urðarháls–Vesturöræfi	11
2.4 Þríhyrninganet í Fljótsdal	12
2.5 Ýmsir punktar á Fljótsdalsheiði	13
2.6 Þríhyrninganet við Lagarfljót	14
2.7 Þríhyrninganet á Hraunum	15
2.8 Möðrudalur	16
2.9 Jökuldalsheiði	17
2.10 Fljótsdalshérað 1987	18
2.11 Hamarsdalur og Geithellnadalur	19
2.12 Fjarðarheiði	20
3 HNITALISTAR	21
3.1 Viðmiðun, vörpun, hnitakerfi og hæðir	21
3.2 GPS-mældir þríhyrningapunktar og fastmerki	22
3.3 Reiknaðir þríhyrningapunktar og myndpunktar	24
3.4 Mælingar vegna kortagerðar í Hamarsdal og Geithellnadal	30
3.5 Mælingar vegna kortagerðar á Fjarðarheiði	32
4 UMBREYTING HNITA	34
4.1 Ýmsar varpanir	34
4.2 Bjögun og mæliskekkjur	35
4.3 Gögn og tölvuforrit	36
5 HEIMILDIR	37
6 ENGLISH SUMMARY	54
VIÐAUKI I: MÆLIGÖGN	55
VIÐAUKI II: KEILUHNIT MEÐ VIÐMIÐUN HJÖRSEY 1955	67

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Mælistöðvar og mælisvæði	38
2 Þríhyrninganet á Fljótsdalsheiði	39
3 Annarrar gráðu net og Urðarháls–Vesturöræfi	40
4 Þríhyrninganet í Fljótsdal	41
5 Ýmsir punktar á Fljótsdalsheiði	42
6 Þríhyrninganet við Lagarfljót	43
7 Þríhyrninganet á Hraunum	44
8 Þríhyrninganetnet í Möðrudal	45
9 Þríhyrninganetnet á Jökuldalsheiði	46
10 Fljótsdalshérað 1987	47
11 Hamarsdalur og Geithellnadalur	48
12 Fjarðarheiði	49
13 Frávik eldri hnita frá hnitum samkvæmt GPS-mælingum	50
14 Þríhyrningar notaðir við að umreikna hnit.....	51
15 Kortlagt svæði og blaðskipting korta 1:20000	52
16 Frávik leiðréttra GPS-hæðarmælinga frá hæðum yfir sjó	53

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Dæmi um skráningu hornamælingar	9
2 Aðalnet á Fljótsdalsheiði	10
3 Annarrar gráðu net og Urðarháls–Vesturöræfi	11
4 Þríhyrninganet í Fljótsdal	12
5 Ýmsir punktar á Fljótsdalsheiði	13
6 Þríhyrninganet við Lagarfljót	14
7 Þríhyrninganet á Hraunum	15
8 Möðrudalur	16
9 Jökuldalsheiði	17
10 Fljótsdalshérað 1987	18
11 Hamarsdalur og Geithellnadalur	19
12 Fjarðarheiði	20
13 Keiluhnitt GPS-mældra stöðva með viðmiðun ÍSN93	22
14 Keiluhnitt með viðmiðun ÍSN93 og hæðir yfir sjó	24
15 Myndpunktar í Hamarsdal og Geithellnadal	31
16 Myndpunktar á Fjarðarheiði	32
17 Fallmælingar á Fjarðarheiði	33
18 Frávik hnita þegar varpað er með ýmsum aðferðum	36

1. INNGANGUR

Upphaf þessa verks má rekja til fundar 25. mars 1997, þar sem Orkustofnun kynnti fulltrúum frá nokkrum stofnunum áætlun um GPS-mælingar og útreikninga til að koma þríhyrninganetum og kortum Orkustofnunar, svo og samskonar gögnum fleiri stofnana, inn í nýja viðmiðun, ÍSN93. Verkið átti að taka fimm ár.

Menn frá Orkustofnun, Vegagerðinni, Landmælingum Íslands, Landsvirkjun og Pósti og síma (nú Landssímanum) mynduðu starfshóp, sem átti að sjá um framkvæmd verksins að fengnu árlegu samþykki stofnana sinna.

Í starfshópnum var unnið að áætlun um mælingar á Austurlandi og ákveðið að mæla þar fyrsta árið. Orkustofnun og Landmælingar Íslands sáu um könnun mælistöðva og akstursleiða í júlí og mælt var 20.–28. ágúst 1997 með fimm tækjum í eigu Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar. Þátttakendur voru frá öllum fimm áður nefndum stofnunum.

Nota átti þyrlu við hluta verksins, en úr því varð ekki fyrr en árið eftir. Þá voru tæki Vegagerðarinnar notuð í tvo daga um mánaðamótin júní–júlí við að ljúka mælingunum. Alls var mælt í 48 stöðvum auk grunnstöðva.

Í skýrslu Orkustofnunar um GPS-mælingar á Austurlandi 1997–98 (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1998) er fjallað um þennan fyrsta hluta verksins. Þar er greint frá GPS-mælingunum og úrvinnslu þeirra. Aðalniðurstöður þeirrar skýrslu er hnitalisti fyrir mælistöðvarnar 48. Hnitin eru í hnitakerfi Lamberts með viðmiðun ÍSN93 eins og í grunnstöðvaættinu frá 1993.

Í skýrslu þeirri, sem nú lítur dagsins ljós, er reiknað út úr þríhyrninganetum Orkustofnunar á Austurlandi, með því að nota þríhyrningamælingar gerðar á hennar vegum og Raforkumálaskrifstofunnar 1953–91. Við útreikningana er gengið út frá hnitum GPS-mældu stöðvanna 48 og nokkurra fleiri, sem mældar voru 1995. Niðurstöður eru því keiluhnitt Lamberts með viðmiðun ÍSN93.

Síðar í skýrslunni er fjallað um aðferðir við að umreikna *gömul* keiluhnitt punkta, t. d. hornpunkta korta, sem þekktir eru í eldra hnitakerfi Lamberts með viðmiðun 'Hjörsey 1955', yfir í hin *nýju* keiluhnitt Lamberts með viðmiðun ÍSN93.

Hafa ber í huga að þríhyrningamælingarnar voru að mestu leyti gerðar fyrir Kröfluelda, en GPS-mælingarnar síðar. Sneitt er hjá þessum vanda að mestu með því að nota aðeins mælistöðvar austan við mesta umbrotasvæði Kröfluelda. Niðurstöðurnar eru fullnægjandi við kortagerð og til að umreikna, og endurteikna í tölvu, kort með viðmiðun Hjörsey 1955 í viðmiðun ÍSN93.

Við nákvæmari landmælingar þarf að nota GPS-mælingar út frá grunnstöðvunum og áður GPS-mældum stöðvum.

2. ÞRÍHYRNINGANET ENDURREIKNUÐ

2.1 Yfirlit

Þríhyrninganetin eru í aðalatriðum reiknuð eins og þau voru mæld og reiknuð áður fyrr, nema hvað net á Fljótsdalsheiði er nú reiknað fyrst, og 2^o-net, sem áður var aðalnet og þá reiknað fyrst, er númer tvö í röðinni.

2.1.1 Myndir

Á mynd 1 eru netin afmörkuð og röð þeirra við útreikningana sýnd. Einstök net eru sýnd á myndum 2–12. Þar eru GPS-mældar stöðvar sýndar sem fylltir hringir, aðrir þríhyrningamælistaðir sem þríhyrningar og myndpunktar sem krossar.

Fylltir þríhyrningar merkja að mælistöðin sé þekkt úr fyrri útreikningum. Lína milli tveggja stöðva tákna mælingar milli stöðvanna, og er línan teiknuð í þremur hlutum. Ef miðhluti línunnar er teiknaður, tákna það lengdarmælingu milli stöðvanna, en hornamæling í annarri stöðinni til hinnar er táknuð með því að teikna hluta línunnar næst stöðinni, sem mælt er frá. Heildregin lína milli stöðva tákna því að sigtað sé frá hvorri stöð til hinnar og lengdarmælt milli þeirra.

Númer mælistöðva eru fjögurra stafa landsnetsnúmer, sem Landmælingar Íslands og Orkustofnun nota. En mælistöðvarnar hafa margar hverjar allt að fjögurra bókstafa nafn, sem oft er stytting á nafni fjallsins, sem mælistöðin er á. Þetta eru nöfnin, sem sýnd eru á myndum 2–12. Landsnetsnúmerin eru þó hin formlegu einkennisnöfn mælistöðvanna.

2.1.2 Mæligögn

Hornamælingar og lengdarmælingar eru listaðar í viðauka I. Formið er sama og upphaflega á IBM-gataspjöldum, enda er tölvforritið, **ttri**, sem notað er við jöfnun þríhyrningamælinganna að hluta 35 ára gamalt. (Í viðauka I er eyðum skotið inn á milli nafna og mæligilda).

2.1.2.1 Hornamælingar

Við hornamælingarnar var mælt í lotum. Ein lota er fólgin í því að sigta á allt að sjö stöðvar í röð réttisælis, lesa á láréttan hringvarða hornamælisins og skrá álestur fyrir hverja stöð, hverfa síðan tækinu og mæla aftur til sömu stöðva rangsælis. (Hinar síðustu verða þá fyrstar). Meðaltal álestranna tveggja (burt séð frá 200 nýgráða mun) er reiknað fyrir hverja stöð og stefnan til fyrstu stöðvar, útgangsstöðvar, er dreginn frá öllum álestrum. Meðaltöl mælinga í fjórum, sex eða átta lotum (jafnmörgum í öllum stöðvum í sama neti) eru að lokum reiknuð. Ef punktur (á undan aukastöfum) er ekki til staðar í skráðri stefnu, skýtur forritið honum inn *á undan síðasta tölustaf*.

Í hornamælifærslu er því nafn mælistöðvar, nafn útgangsstöðvar (álesturinn núll er ekki skráður), nafn næstu stöðvar í röðinni ásamt stefnuhorni til hennar mældu frá útgangsstöð í nýsekúndum, og svo framvegis allt að sex sinnum.

2.1.2.2 Lengdarmælingar

Í lengdarmælifærslu er fyrst skráð nafn mælistöðvar, það endurtekið (eða nafn útgangsstöðvar við hjástæðar mælingar), þá nafn stöðvar, sem mælt er til, fjarlægð í cm, áætluð meðalskekkja í cm, hæð lengdarmælis í cm og prismahæð í cm. Ef punktur er ekki til staðar í skráðri lengd eða hæð, skýtur forritið honum inn á *undan síðasta tölustaf*. '+++5' er skráð í sæti 69–72 (en sjá þó lýsingu á hjástæðum mælingum).

2.1.2.3 Hjástæðar mælingar

Við hornamælingu og lengdarmælingu var leyfilegt *en óæskilegt* að stilla mælitæki upp allt að 10 m frá mælistöð. Í töflu 1 er dæmi um *hjástæða hornamælingu*.

Tafla 1. Dæmi um skráningu hornamælingar			
Sæti	Nafn	Mælistærð	Athugasemd
01–04	GELD		Nafn mælistöðvar
05–08	NAL		Nafn útgangsstöðvar
09–12,13–20	IS	4703506	Nafn stöðvar og stefnuhorn í ^{cc}
21–24,25–32	HORN	6989630	Nafn stöðvar og stefnuhorn í ^{cc}
33–36,37–44	JKH	10863630	Nafn stöðvar og stefnuhorn í ^{cc}
45–48,49–56	AFRT	16958361	Nafn stöðvar og stefnuhorn í ^{cc}
57–60,61–68	MH	39561099	Nafn stöðvar og stefnuhorn í ^{cc}
69–72,73–80	9992	43170677	999–fjórðungur, sem stefnuhornið h, frá útgangsstöð að mælistöð, er í,
(73–76)			$ld \cdot \sin(h)$,
(77–80)			$ld \cdot \cos(h)$
d er lárétt fjarlægð, mæld með málbandi, frá hornamæli að mælistöð í mm h er horn mælt frá útgangsstöð að mælistöð í náttúrulegu hornmáli			

Við hjástæðar lengdarmælingar er '+++' skráð í sæti 69–71 og *fimm plús númer fjórðungs*, sem stefnuhornið h er í, er skráð í sæti 72. Lýsingin á sætum 73–80 er eins og við hjástæðar hornamælingar.

2.1.3 Jöfnun mæliskekkja

Í köflum 2.2–2.12 er greint stuttlega frá uppruna mælinganna og vísað á heimildir þar sem þær er að finna. Þekktar stöðvar og reiknaðar eru taldar upp í töflu, sem einnig inniheldur hámeðalskekkju (hálfur langás staðalskekkjusporbaugs) fyrir hverja reiknaða mælistöð, en ekki er talin ástæða til að teikna skekkjusporbaugana sjálfa. Niðurstöður útreikninganna eru hnitalistar í kafla 3. Þar eru keiluhnit Lamberts með viðmiðun ÍSN93 og hæðir yfir sjó. Í töflu 13 eru að auki hæðir yfir sporvölu fyrir GPS-mældar stöðvar.

2.2 Aðalnet á Fljótsdalsheiði

Netið er sýnt á mynd 2.

Þekktar stöðvar eru GPS-stöðvar mældar 1995 og (Ingvar Þór Magnússon, í vinnslu) og 1997-1998 (Gunnar Þorbergsson o.fl. 1998).

Allar mælingar eru í skýrslu OS-90025 B (/verk/lm/g/fdh/s90025B í tölvu) (Gunnar Þorbergsson 1990). Þar er greint ítarlega frá mælingunum og sýndir skekkjuspörbaugar fyrir einstakar mælistöðvar.

Netið, sem nú er reiknað, inniheldur allar mælingar í nethluta á mynd 4 í skýrslu OS-90025 B ásamt tengingum við nærliggjandi GPS-stöðvar. Umræddur nethluti var styrktur 1989 vegna endurhönnunar Fljótsdalsvirkjunar með væntanlegum jarðgöngum og var reiknaður sem laust net (free adjustment) 1990. Niðurstaðan var talin sterkt net vegna fjölda lengdarmælinga. Nú er það net tengt við fjölda GPS-stöðva og eðlilegt að reikna það fyrst neta á Austurlandi. Stöðvar EYV á Eyvindarfjöllum og GELD á Geldingafelli eru nú reiknaðar með þessu neti.

Tafla 2. Aðalnet á Fljótsdalsheiði									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
5305 ALFT	5425 HORN	5433 BF	5438 FK	5441 FH	5457 NAL	5460 JKH	5634 GVS	5635 HVA	5637 THN
5639 SAL	5640 STL	5641 LGF	5802 SNF						
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
5424 THVR 0.008	5428 EYV 0.040	5430 GIL 0.018	5432 SH 0.006	5440 GELD 0.080	5445 THR 0.022	5454 IS 0.025	5455 MH 0.013	5632 MHN 0.018	5633 MHS 0.022
5636 GAL 0.014	5638 HBJ 0.011	5642 FAL 0.006	5643 SNA 0.005	5644 SFN 0.033	5645 GVM 0.012	5646 GVN 0.024	5801 EYB 0.007	5804 HAF 0.007	5806 RGN 0.006
5865 0.030	5870 0.009	5872 0.032	7015 0.008	7016 0.007					

Orðið hámeðalskekkja er hér notað um ½ langás staðalskekkjuspörbaugs. Hámeðalskekkjan nemur 8 cm í GELD og 4 cm í EYV, en mest 3 cm í öðrum stöðvum í netinu.

Reiknað var út úr netinu til prufu með mælikvarða lengdarmælis (Geódímeter 114) sem óþekktri stærð. Leiðrétting reyndist ekki marktæk (-0.6 ± 0.5 ppm) og telst mælikvarðinn því réttur við aðra útreikninga í þessari skýrslu.

2.3 Annarrar gráðu net og Urðarháls–Vesturöræfi

Netið er sýnt á mynd 3.

Þekktar stöðvar eru GPS-stöðvar mældar 1995 og 1997–98 ásamt stöðvum EYV og GELD, sem voru reiknaðar með aðalneti á Fljótsdalsheiði.

Mestur hluti netsins var mældur með hornamæli Wild-T3 (6 lotur) árin 1970–71 og myndaði austurhluta 2^o-nets Orkustofnunar við Skjálfanda og á Austurlandi (sjá mynd 1 í skýrslu OS-98043 um GPS-mælingar á Austurlandi). En segja má að Kröflueldar hafi klofið það net í tvo hluta. Þá eru ótaldar stöðvar SF, FF, LK, HH og DF í nethluta Urðarháls–Vesturöræfi, sem var mældur á sama hátt, en var áður fyrr reiknaður á eftir annarrar gráðu netinu. Allar þessar mælingar eru teknar úr tölvulistun frá SKYRR frá í desember 1971, sem var bundin inn sem handrit 1998 (Gunnar Þorbergsson 1998). Loks ber að geta lengdarmælingar (með Geódimeter 14A) milli SAND og 7450, sem var framkvæmd 1987, og hornamælingar með Wild-T2 (4 lotur) í SAND sama ár. Þær mælingar eru teknar úr skýrslu OS-88003 (Gunnar Þorbergsson 1988).

Tafla 3. Annarrar gráðu net og Urðarháls–Vesturöræfi									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
0166	0167	0176	2020	2051	2053	2059	5017	5305	5306
THJO	SLOR	SKJL	2020	EKK	L034	STV	FRG	ALFT	VADA
5425	5433	5434	5438	5441	5457	5460	5466	7450	5424
HORN	BF	GAGN	FK	FH	NAL	JKH	DJ	7450	THVR
5428	5440								
EYV	GELD								
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
0162	0173	0175	0177	SAND	0188	1504	2010	5314	5423
BLAF	SMJR	HNEF	BEIN	0180	AFRT	FF	HERD	HAIH	HH
0,164	0,144	0,049	0,095	0,046	0,187	0,062	0,093	0,142	0,077
5426	5427	5431	5435	5456	5458	5459	5461		
AVH	BOT	KIST	SF	KVR	DF	LK	THO		
0,073	0,081	0,104	0,049	0,072	0,088	0,073	0,101		

Hámeðalskekkjan er stærst 19 cm í AFRT á Afréttartindi, 16 cm í BLAF á Bláfjalli, 14 cm í HAIH á Háahnúk í Dyngjufjöllum og SMJR á Smjörfjöllum. Hún er um eða undir 10 cm annars staðar. Stöðvar á Bláfjalli, Háahnúki og Herðubreið (HERD) eru reiknaðar með í þessu neti og ekki talið að það hafi nein veruleg áhrif á hnit annarra stöðva.

BLAF og HAIH kunna að vera á umbrotasvæði Kröfluelda og hnit þeirra stöðva eru ekki notuð við framhald útreikninga, sem greint er frá í þessari skýrslu.

2.4 Þríhyrninganet í Fljótsdal

Netið er sýnt á mynd 4.

Þekktar stöðvar eru GPS-stöðvar mældar 1997 og stöð 2051, sem var mæld 1995, auk þríhyrningamælistöðva SAND (0180), THVR og FAL, sem þegar hafa verið reiknaðar (sjá kafla 2.2 og 2.3).

Hornamælingar og lengdarmælingar eru teknar upp úr áður nefndri skýrslu OS-90025 B (Gunnar Þorbergsson 1990), sem er til í tölvu (/verk/lm/g/fdh/s90025B). Hornamæling í L031 fylgdi mælingum við Lagarfljót (sjá kafla 2.6).

Netið var mælt með hornamælingu 1955 í sambandi við kortagerð á bökkum Lagarfljóts. Danir voru við þríhyrningamælingar í 1°-netinu það sumar og mynduðu þá netin í Fljótsdal og við Lagarfljót (sjá kafla 2.6) eitt net, sem tengdist mælingum Dana. Síðar mældi Orkustofnun 2° net sitt, og netin voru reiknuð út frá því 1975–76. Árið 1976 gerðu Forverk hf og Orkustofnun skýrslu vegna kortagerðar Forverks í mælikvarða 1:5000 í nágrenni Lagarfljóts. Sjá skýrslu OS-ROD-7619 (Landmælingadeild Orkustofnunar o. fl. 1976). Suðurhluti netsins í Fljótsdal var endurmældur með hornamælingum og lengdarmælingum 1989 vegna endurhönnunar Fljótsdalsvirkjunar, og eru bæði eldri mælingar og mælingarnar 1989 í skýrslu OS-90025 B.

Tafla 4. Þríhyrninganet í Fljótsdal									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
2051	2053	5434	5621	5624	5634	5731	5742	5745	0180
2051	2053	GAGN	5621	5624	GVS	L031	L042	L045	SAND
5424	5642	5870							
THVR	FAL	5870							
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
5733	5735	5736	5737	5738	5739	5740	5741	5743	5744
L033	L035	L036	L037	L038	L039	L040	L041	L043	L044
0,015	0,039	0,035	0,041	0,041	0,024	0,024	0,012	0,008	0,004
5747	5748	5623	9114						
L047	L048	5623	V114						
0,012	0,017	0,008	0,007						

Hámeðalskekkja er mest 4 cm í þessu neti.

2.5 Ýmsir punktar á Fljótsdalsheiði

Netið er sýnt á mynd 5.

Þekktar stöðvar eru GPS stöðvar mældar 1993, 1995 og 1997 og ýmsar stöðvar reiknaðar áður í köflum 2.2–2.4.

Hornamælingar og lengdarmælingar eru teknar upp úr skýrslu OS-90025 B um hæðarnet og þríhyrningarnet á Fljótsdalsheiði, sem áður er getið, og skýrslu OS-91003 B (Gunnar Þorbergsson 1991) um mælingar vegna kortagerðar við Hölkná og Grjótá, sem er til í tölvu (/verk/lm/g/fdh/grjot).

Hér eru 22 mælistöðvar á Fljótsdalsheiði, Múla og Hraunum, sem mældar voru einar saman eða í litlum netum. Þær eru reiknaðar í einu lagi, nema stöð 5803 við Eyjabakkafoss. Hún var reiknuð ein sér á eftir hinum. (Punktur 5443 og 5803 eru sinn hvoru megin fossins, og því eru stuttar sigtilínur milli þeirra).

Tafla 5. Ýmsir punktar á Fljótsdalsheiði									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
5457	5624	5634	5639	5640	5641	5745	5802	5877	7263
NAL	5624	GVS	SAL	STL	LGF	L045	SNF	5877	7263
7492	5424	5432	5445	5455	5638	5633	5642	5643	5644
7492	THVR	SH	THR	MH	HBJ	MHS	FAL	SNA	SFN
5740	5801	5804	5806	5870	5872				
L040	EYB	HAF	RAG	5870	5872				
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekka í metrum):									
5443	5805	5869	5871	5876	5878	5879	7004	7005	7008
5443	5805	5869	5871	5876	5878	5879	7004	7005	7008
0,009	0,011	0,013	0,016	0,011	0,009	0,007	0,022	0,026	0,069
7009	7262	7264	7265	7266	7267	7493	9001	9002	9067
7009	7262	7264	7265	7266	7267	7493	SA	RB	M67
0,021	0,013	0,010	0,012	0,020	0,012	0,031	0,022	0,014	0,053
9069	5803								
M69	5803								
0,038	0,004								

Hámeðalskekka er mest 7 cm í neti við Sauðárvatn, en 3 cm annars staðar.

2.6 Þríhyrninganet við Lagarfljót

Netið er sýnt á mynd 6.

Þekktar stöðvar eru GPS-stöðvar mældar 1997 og 2051 og 2059, sem voru mældar 1995, auk þríhyrningamælistöðva L033 og L036, sem þegar hafa verið reiknaðar (sjá kafla 2.4).

Netið var mælt með hornamælingu 1955 í sambandi við kortagerð á bökkum Lagarfljóts. Danir voru við þríhyrningamælingar í 1°-netinu það sumar og mynduðu þá netin í Fljótsdal og við Lagarfljót (sjá kafla 2.4) eitt net, sem tengdist mælingum Dana. Síðar mældi Orkustofnun 2° net sitt, og netin voru reiknuð út frá því 1975–76. Árið 1976 gerðu Forverk hf og Orkustofnun skýrslu vegna kortagerðar Forverks í mælikvarða 1:5000 í nágrenni Lagarfljóts. Sjá skýrslu OS-ROD-7619 (Landmælingadeild Orkustofnunar o. fl. 1976).

Hornamælingar í mælibókum frá Lagarfljóti 1955 voru einnig til sem tölvulistun frá 1975–76. En mælingarnar voru ekki til á tölvutæku formi og voru endurskráðar. Gömlum gráðum var síðan breytt í nýgráður.

Tafla 6. Þríhyrninganet við Lagarfljót									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
2051	2053	2059	5701	5704	5713	5721	5725	5727	5731
2051	2053	2059	L001	L004	L013	L021	L025	L027	L031
5733	5736								
L033	L036								
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
5702	5703	5706	5707	5708	5709	5710	5711	5712	5714
L002	L003	L006	L007	L008	L009	L010	L011	L012	L014
0,023	0,019	0,024	0,039	0,029	0,053	0,047	0,047	0,042	0,024
5715	5716	5717	5718	5719	5720	5722	5723	5724	5726
L015	L016	L017	L018	L019	L020	L022	L023	L024	L026
0,029	0,033	0,028	0,021	0,022	0,014	0,037	0,014	0,037	0,019
5728	5729	5730	5732						
L028	L029	L030	L032						
0,033	0,035	0,039	0,022						

Hámeðalskekkja er mest 5 cm í þessu neti.

2.7 Þríhyrninganet á Hraunum

Netið er sýnt á mynd 7.

Þekktar stöðvar eru GPS-stöðvar 7450, HORN, JKH og 5610 mældar 1997–98 og stöðvar SAND (0180), KIST og GELD, sem þegar hafa verið reiknaðar (sjá kafla 2.2 og 2.3).

Suðurhluti netsins, að stöðvum SAND, 7450 og 7451 undanskildum, var merktur fyrir myndun 1974 og mældur það ár og 1975, en ekki tókst að mynda úr lofti fyrr en 1976 og gerð var skýrsla OS-ROD-7644 um mælingarnar það ár (Landmælingadeild Orkustofnunar 1976).

Stöðvar 7450 og 7451 voru settar og mældar 1987 þegar mælt var vegna kortagerðar á Fljótsdalshéraði, sjá skýrslu OS-88003 B (Gunnar Þorbergsson 1988).

Hornamælingar og lengdarmælingar voru að hluta endurskráðar eftir skýrslu OS-ROD-7644. Stöðvar 9824, 5807 og 9810 voru mældar með pólmælingu, og voru þær mælingar til á segulböndum (land2/back2/VOD327/FDH/K7309.760), en eru einnig sýndar í skýrslu OS-ROD-7644.

Að hluta voru mælingarnar til í tölvu (/verk/lm/g/fdhr) í skýrslu OS-88003 B.

Tafla 7. Þríhyrninganet á Hraunum						
Þekktar stöðvar (númer, nafn):						
0180	5440	5425	5431	5460	5610	7450
SAND	GELD	HORN	KIST	JKH	5610	7450
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkingja í metrum):						
1599	5609	5607	5608	7451	9810	9824
BHN	HAL	5607	5608	7451	9810	9824
0,041	0,059	0,081	0,053	0,045	0,131	0,104

Hámeðalskekkingja er mest 10 cm í þríhyrningapunktum í þessu neti, en mest 13 cm í myndpunktum, sem reiknaðir eru með netinu.

2.8 Möðrudalur

Netið er sýnt á mynd 8.

Þekktar GPS-stöðvar eru SLOR (0167) á Slórfelli, sem mæld var 1995, og ýmsar stöðvar mældar 1997–98. Ennfremur er HERD (2010) á Herðubreið þekkt, en hún hefur verið reiknuð áður (sjá kafla 2.3).

Norðurhluti netsins var hornamældur 1958, en flestar stöðvar, sem þá var mælt í, hafa nú verið staðsettar með GPS-mælingum. Mælt var í suðurhluta netsins 1967 vegna korta-gerðar og voru þá myndpunktar N1, N5–N9 mældir með pólmælingu. Niðurstöður eru í greinargerð GP-81/04.

Hornamælingar, lengdarmælingar og pólmælingar eru í greinargerð GP-81/04, en voru einnig til á segulbandi og nefnast skrárnar með mælingunum klosing/k/k1/k1630.710, k1632.710 og k1633.710.

Tafla 8. Möðrudalur								
Þekktar stöðvar (númer, nafn):								
0166	0167	0175	2010	5017	5305	5357	5873	7001
THJO	SLOR	HNEF	HERD	FRG	ALFT	FRF	ADA	DIM
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):								
5874	7002	7003	9401	9405	9406	9407	9408	9409
5874	SAN	MID	N1	N5	N6	N7	N8	N9
0,038	0,057	0,087	0,143	0,124	0,052	0,093	0,133	0,084

Hámeðalskekkja er mest 9 cm í þríhyrningapunktum, en 14 cm í myndpunktum.

2.9 Jökuldalsheiði

Netið er sýnt á mynd 9.

Þekktar GPS-stöðvar eru stöð SLOR (0167) á Slórfelli, sem mæld var 1995 og nokkrar stöðvar mældar 1997–98. Einnig er stöð HNEF (0175) á Hnefli þekkt, en hún hefur verið reiknuð áður (sjá kafla 2.3).

Netið var mælt 1980 vegna kortagerðar á Jökuldalsheiði. Mældur var marghyrningur milli SKJL (0176) á Skjöldólfstaðahnjúk og FK (5438) á Fjallkólfi með tengingu við SLOR (0167) á Slórfelli. Að auki eru nokkrir myndpunktar, mældir með pólmælingu, reiknaðir með. Greint var frá niðurstöðum í greinargerð GP,ÁG-81/05.

Hornamælingar, lengdarmælingar og pólmælingar voru til í skrá klosing/k/k4/k4507.730 á segulbandi, og þær er einnig að finna í áður nefndri greinargerð.

Tafla 9. Jökuldalsheiði						
Þekktar stöðvar (númer, nafn):						
0167	0175	0176	5438	7010	7012	7013
SLOR	HNEF	SKJL	FK	7010	7012	7013
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):						
7011	7014	9022	9025	9026	9033	9922
7011	7014	N22	N25	N26	N33	GT22
0,011	0,025	0,053	0,048	0,068	0,116	0,078

Hámeðalskekkja er mest 3 cm í þríhyrningapunktum, en mest 12 cm í myndpunktum.

2.10 Fljótsdalshérað 1987

Netið er sýnt á mynd 10.

Þekktar GPS-stöðvar eru SVF (2059), 2051 og 5637 mældar 1995 og ýmsar stöðvar mældar 1997–98. Nokkrar stöðvar reiknaðar áður eru einnig notaðar sem þekktar.

Hér eru endurteknir útreikningar þeir, sem framkvæmdir voru 1988 vegna kortagerðar Landmælinga Íslands á Fljótsdalshéraði, en nú eru fleiri þekktar stöðvar en voru þá. Mælingarnar eru aðallega pólmælingar Orkustofnunar frá sumrinu 1987 auk nethluta á Jökuldalsheiði og á Úthéraði, en flestar stöðvar í þeim nethlutum eru nú þekktar úr GPS-mælingum. (Ekki hafa verið gefnar út skýrslur um hefðbundnu mælingarnar í þeim netlutum).

Nánari lýsing og skrár yfir mælingar eru í skýrslu OS-88003 B (Gunnar Þorbergsson 1988), sem er til í tölvu (/verk/lm/g/fdhr).

Tafla 10. Fljótsdalshérað 1987									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
0166	0176	2051	2053	2059	5425	5434	5462	5464	5637
THJO	SKJL	2051	2053	SVF	HORN	GAGN	HOF	5464	THN
5727	7148	7149	7150	7151	7152	7450	0180	5424	5426
L027	AX	SK	7150	7151	7152	7450	SAND	THVR	AVH
5427	5461	5608	5715	5869	5871	7451			
BOT	THO	5608	L015	5869	5871	7451			
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
5463	5465	7147	7447	7452	7453	9091	9092	9093	9094
HS	5465	7147	7447	7452	7453	BOTX	GT04	LH27	A1
0,019	0,040	0,057	0,022	0,135	0,057	0,005	0,066	0,047	0,091
9101	9107	9108	9109	9115	9116	9119	9120	9121	9123
M01	M07	M08	M09	M15	M16	M19	M20	M21	M23
0,105	0,041	0,072	0,088	0,163	0,117	0,133	0,060	0,103	0,171
9124	9125	9126	9127	9128	9129	9130	9132	9135	9140
M24	M25	M26	M27	M28	M29	M30	M32	M35	M40
0,054	0,126	0,118	0,131	0,185	0,088	0,164	0,102	0,169	0,187
9141	9142	9150	9151	9152					
M41	M42	M50	M51	M52					
0,167	0,159	0,196	0,288	0,143					

Hámeðalskekkja er mest 29 cm og 20 cm í myndpunktum M51 og M50.

2.11 Hamarsdalur og Geithellnadalur

Netið er sýnt á mynd 11.

Þekktar GPS-stöðvar eru grunnstöð 7461 mæld 1993, stöðvar 7463 og 7464 mældar 1995 og nokkrar stöðvar mældar 1997–98. Auk þeirra er mælistöð BHN (1599) þekkt, en hún var reiknuð áður (sjá kafla 2.7).

Merkt var fyrir myndun í Hamarsdal og á láglendi í Geithellnadal 1986 og báðir dalirnir myndaðir í ágúst það ár, en endurtaka þurfti myndun úr lofti að hluta í ágúst 1989. Árið 1987 voru mældir marghyrningar eftir báðum dölunum og myndpunktur valdir og mældir út frá þeim. Marghyrningarnir tengdust við Bótarhnúk (BHN) og Jökulhæðir (JH), mælistöðvar Orkustofnar, annars vegar og Bóndavörðu (BV), þriðja flokks mælistöð Landmælinga Íslands, við Djúpavog hins vegar.

Öll mæligögnin voru til í tölum Orkustofnunar (/verk/lm/geit).

Tafla 11. Hamarsdalur og Geithellnadalur									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
1599	5460	7460	7461	7462	7463	7464			
1599	5460	7460	7461	7462	7463	7464			
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
7454	7455	7456	7457	7458	7459	1536	9201	9202	9203
7454	7455	7456	7457	7458	7459	BV	N1	N2	N3
0,034	0,022	0,024	0,030	0,040	0,042	0,005	0,022	0,025	0,045
9204	9205	9206	9207	9210	9211	9215	9217	9220	9224
N4	N5	N6	S6	M10	M11	M15	M17	M20	M24
0,052	0,038	0,043	0,043	0,076	0,039	0,013	0,021	0,018	0,025
9225	9226	9227	9251	9252	9253	9255	9256	9257	9258
M25	M26	M27	M51	M52	M53	N55	S55	M57	M58
0,016	0,005	0,006	0,061	0,046	0,061	0,067	0,067	0,055	0,034
9259	9260	9264	9267	9268	9269	9270	9271	9272	
M59	M60	M64	M67	M68	M69	M70	M71	S71	
0,055	0,047	0,028	0,029	0,030	0,050	0,022	0,015	0,015	

Hámeðalskekkja er mest 7 cm í myndpunktum en 4 cm í varanlegum stöðvum í marghyrningum.

Af ýmsum ástæðum hefur skýrsla um mælingarnar 1987 ekki verið gerð fyrr en nú (sjá kafla 3.4) og þær hafa því ekki verið notaðar við kortagerð með 2 m hæðarlínubili eins og til stóð. En nú eru öll gögn til staðar fyrir slíka kortagerð.

2.12 Fjarðarheiði

Netið er sýnt á mynd 12.

Myndin sýnir einnig útlínur svæðis, sem myndað var úr lofti 4. ágúst 1989.

Þekktar eru þrjár GPS-mældar stöðvar, F007 og F016 mældar 1995 og F001, sem mæld var 1997.

Þríhyrninganetið á Fjarðarheiði var mælt 1953 sem staðbundið net og notað ásamt mælingum með mælistöngum og 'tachymeter' við kortagerð á heiðinni.

Í ágúst 1988 var merkt með hvítum dúkum á 25 stöðum, í myndpunktum og stöðvum í þríhyrninganeti, vegna myndunar úr lofti, sem ekki tókst fyrr en 4. ágúst árið eftir. Myndpunktarnir voru mældir 3. og 27.–29. ágúst 1989. Nú er reiknað út úr þríhyrninganetinu frá 1953 ásamt mælingum myndpunkta 1989.

Hornamælingar eru í mælibókum Fjarðarvirkjun 1–2 1953 og pólmælingar eru í mælibókum Fljótsdalsheiði 1–2 1989 (mæling 3/8) og Fjarðarheiði 1989 (mæling 27/8–29/8).

Tafla 12. Fjarðarheiði									
Þekktar stöðvar (númer, nafn):									
7567	7557	7566							
F001	F007	F016							
Reiknaðar stöðvar (númer, nafn, hámeðalskekkja í metrum):									
7552	7553	7554	7555	7556	7558	7559	7560	7561	7562
F002	F003	F004	F005	F006	F008	F009	F010	F011	F012
0,013	0,012	0,017	0,016	0,010	0,015	0,016	0,023	0,025	0,024
7563	7564	7565	9301	9302	9303	9304	9351	9352	9353
F013	F014	F015	A	B	S	GT1	F51	F52	F53
0,024	0,015	0,017	0,014	0,014	0,018	0,004	0,018	0,028	0,013
9355	9356	9357	9358	9359	9360	9361	9362	9364	
F55	F56	F57	F58	F59	F60	F61	F62	F64	
0,036	0,032	0,028	0,012	0,012	0,007	0,029	0,035	0,027	

Hámeðalskekkja er mest 4 cm í myndpunktum og 2 cm í stöðvum í þríhyrninganetinu. Niðurstöður eru í kafla 3.5.

3. HNITALISTAR

3.1 Viðmiðun, vörpun, hnitakerfi og hæðir

Viðmiðun (geodetic datum) í eftirfarandi hnitalistum er ÍSN93, sem greint er frá í skýrslu Landmælinga Íslands, *GPS-mælingar í grunnstöðvaneti 1993 og ný viðmiðun ÍSN93 við landmælingar á Íslandi* (Ingvar Þór Magnússon o. fl. 1997). Niðurstöður í þeirri skýrslu eru breidd, lengd og hæð yfir sporvölu, en þar er einnig að finna réttthyrnd hnit eftir hornsanna keiluvörpun Lamberts.

Hornsanna keiluvörpun Lamberts er hægt að nota þannig, að punktum er varpað af sporvölu á keilu, sem snertir sporvöluna eftir völdum breiddarbaug, og verður þá mælikvarði kortsins réttur á þeim breiddarbaug (t. d. 65°N í landsneti með viðmiðun *Hjörsey 1955*).

En einnig er hægt að velja topphorn keilunnar ($65^{\circ}00'12.69725''$), sem varpað er á, og mælikvarða við vörpun (0.999914423), þannig að mælikvarði kortsins verði réttur á tveimur breiddarbaugum ($64^{\circ}15'\text{N}$ og $65^{\circ}45'\text{N}$) eins og í landsneti með viðmiðun *ÍSN93*. (En ekki er mögulegt að varpa punktum, á hornsanna vísu, af sporvölu á keilu, sem sker sporvöluna í tveimur breiddarbaugum, þannig að punktar á þeim baugum á sporvölunni falli í sjálfa sig á keilunni.) Sjá einnig lýsingu á vörpun Lamberts í kafla 4.1.

Í hnitakerfi fyrir landsnet með viðmiðun *ÍSN93* er mælikvarði réttur á breiddarbaugum $64^{\circ}15'\text{N}$ og $65^{\circ}45'\text{N}$, x-ás stefnir austur og y-ás norður á stað 65°N , 19°V , sem hefur hnitin $x = 500000$ m, $y = 500000$ m. Hnit í töflum 13–16 eru í þessu kerfi.

Tafla 13 sýnir bæði hæðir stöðva yfir sporvölu og hæðir yfir sjó, en hæðir í öðrum töflum eru yfir sjó. En því miður eru tvö kerfi fyrir hæðir yfir sjó notuð í skýrslunni, sem hér birtist. Langflestar hæðir mælistöðva eru þó í hæðarkerfi Orkustofnunar á Austurlandi.

Núllpunktur fyrir hæðarkerfi Orkustofnunar á Austurlandi var skilgreindur þannig að fastmerki V007 nálægt sírita á Lagarflijótsbrú var í hæðinni 26,840 m. y. s., og var þá tekið tillit til hæðarmælinga frá bryggju á Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði 1953 og sjávarborðsmælinga austan við Unaós 1970 (sjá skýrslu OS-ROD-7619, sem áður er getið í kafla 2.6). En fastmerki V007 er glatað. Það var þó rækilega tengt við nærliggjandi fastmerki (sjá fallmælingar í töflu á bls. 14 í skýrslu OS90025 B, sem fyrst var getið í kafla 2.2).

Við mælingar í Hamarsdal og Geithellnadal 1987 voru hæðir mældar með lengdar- og hornamælingum frá fastmerki B552 í bryggju á Djúpavogi og eru því hæðir í töflu 15, og annars staðar þar sem þess er getið sérstaklega, í hæðarkerfi með núllpunkt 3,430 m undir B552 (Hafnarmálastofnun ríkisins 1980). Varanlegar stöðvar með hæðir í þessu kerfi eru við Djúpavog, í Hamarsdal og Geithellnadal, en að auki BHN (1599) á Bótarhúki og JKH (5460) á Jökulhæðum (sjá mynd 11).

3.2 GPS-mældir þríhyrningapunktur og fastmerki

Tafla 13. Keiluhnitt GPS-mældra stöðva með viðmiðun ÍSN93

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð yfir sporv. (m)	Hæð yfir sjó (m)	Stytt nafn	Staðarnafn
LM0166	654757.214	558877.618	1102.615	1036.78	THJO	Þjóðfell
LM0167	648890.200	537974.112	911.952	845.50	SLOR	Slórfell
LM0176	676852.441	540924.263	859.871	794.34	SKJL	Skjöldólfsstaðahnúkur
LM0340	692130.517	546005.212	211.702	146.59	0340	Hofteigur
LM2020	563512.264	523387.475	1050.190	982.90	TUNG	Tungufell V
OS2051	711861.814	538436.805	196.495	131.93	EKK	Ekkjufell
OS2053	700263.922	523657.562	246.301	181.10	L034	Hrafngerðisbjarg
OS2059	715578.692	561634.798	171.367	107.26	STV	Steinsvaðsfell
OS5017	633873.222	558944.539	940.382	874.22	FRG	Fremri-Grímsstaðanúpur
OS5305	644571.273	507211.498	979.419	912.91	ALFT	Álftadalsfjall
OS5306	618476.273	499581.924	991.694	925.07	VADA	Vaðalda
OS5357	635297.499	543031.392	630.050	563.60	FRF	Fremstafell
OS5425	692134.543	490829.938	1024.481	958.60	HORN	Hornbrynja
OS5433	656192.821	498539.810	900.867	834.54	BF	Búrfell
OS5434	721571.790	533216.140	1014.497	950.0	GAGN	Gagnheiðarhnúkur
OS5438	660488.666	506879.033	900.785	834.61	FK	Fjallkollur
OS5441	656207.972	476279.201	1071.939	1005.50	FH	Fitjahnúkur
OS5457	665319.348	488889.507	1228.587	1162.3	NAL	Nálhúsahnúkar
OS5460*	691078.698	473612.381	1040.066	974.43	JKH	Jökulhæðir
OS5464	707035.127	557024.981	283.770	219.31	5464	Blöndugerði A
OS5466	598265.658	487958.425	919.732	853.00	DJ	Dyngjujökull N
OS5491	641340.123	494839.334	894.537	827.92	5491	Hattur SV
OS5610*	717680.612	482630.449	98.800	34.49	5610	Kelduskógar
OS5621	684522.651	503882.043	135.302	69.72	5621	Glúmsstaðir syðri
OS5624	688953.671	507489.311	113.284	47.81	5624	Hvammur NA
OS5634	680147.176	506052.232	706.711	640.95	GVS	Gilsárvötn SA
OS5635	682332.452	508471.567	704.656	638.95	HVA	Hólmsvatn V
OS5637	685136.362	510306.994	707.305	641.65	THN	Þverfell nyrðra
OS5639	676360.083	501506.551	731.945	666.06	SAL	Svartalda
OS5640	672575.519	496989.327	730.772	664.72	STL	Stórilækur N
OS5641	670750.613	491215.702	898.249	832.06	LGF	Laugarfell
OS5701	715239.115	567887.615	119.818	55.80	L001	Dratthalastaðir

*Hæð mæld frá B552 (hæð 3,43 m) í bryggju á Djúpavogi

Tafla 13. Keiluhnir GPS-mældra stöðva með viðmiðun ÍSN93

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð yfir sporv. (m)	Hæð yfir sjó (m)	Stytt nafn	Staðarnafn
OS5704	713675.373	563525.886	113.310	49.17	L004	Völsungi
OS5713	715238.594	549372.763	125.898	61.51	L013	Eiðar vestan
OS5721	716900.773	537987.946	160.684	96.13	L021	Steinholt A
OS5725	712539.515	533876.400	152.921	88.26	L025	Höfði
OS5727	710785.500	528939.495	118.856	54.05	L027	Eyjófsstaðir NA
OS5731	704442.279	523602.955	113.377	48.40	L031	Mjóanes
OS5742	691362.512	511516.838	108.136	42.76	L042	Bessastaðarétt
OS5745	690939.955	507429.132	105.075	39.64	L045	Ytri-Viðivellir
OS5802	666666.784	481878.868	787.229	720.87	SNF	Snæfell NA
OS5873	636229.829	523794.567	777.717	711.32	ADA	Arnardalsalda
OS5877	674585.061	497222.994	713.179	647.26	5877	Axará sunnan
OS7001	642022.632	566000.968	794.696	728.46	DIM	Dimmifjallgarður
OS7010	668779.031	538927.841	718.537	652.74	7010	Langahlíð
OS7012	661779.226	529862.698	671.433	605.43	7012	Grunnavatnsalda
OS7013	660997.340	520853.404	703.236	637.09	7013	Fiskidalsháls
OS7148	661333.466	554318.307	699.504	633.70	7148	Axlir
OS7149	670561.169	543630.030	743.580	677.85	7149	Skjaldklofi
OS7150	717157.620	571466.020	129.556	65.69	7150	Móberg NNV
OS7151	727878.025	572406.104	175.994	112.30	7151	Hrafnabjörg
OS7152	708333.406	575810.530	145.216	81.01	7152	Jökulsárhlíð
OS7263	669731.419	483948.332	725.966	659.77	7263	Snæfellsnes
OS7450	705416.482	508823.446	530.495	465.37	7450	Þingmúli
OS7492	660237.109	486442.066	913.664	847.23	7492	Grábergshnúkar SV
OS7449	703583.856	555913.158	192.937	128.32	7449	Brúarás
OS7460*	715597.868	467036.374	161.008	96.85	7460	Bragðavellir SA
OS7461*	699373.484	465381.588	256.003	190.97	7461	Háiás
OS7462*	709558.482	460731.347	168.630	104.28	7462	Múli
OS7463*	718562.130	462854.230	104.917	40.95	7463	Melrakkanes sunnan
OS7464*	725533.849	469979.947	106.982	43.22	7464	Bóndavarða SSV
OS7567	731883.456	536272.313	131.689	67.41	F001	Fjarðarsel
OS7557	727908.162	535249.401	634.949	570.29	F007	Efristafur
OS7566	721304.857	538431.064	679.280	614.45	F016	Norðurbrún

*Hæð mæld frá B552 (hæð 3,43 m) í bryggju á Djúpvaggi

3.3 Reiknaðir þríhyrningapunktur og myndpunktar

Stöðvar með nafni N eða M og eftirfarandi númeri eru myndpunktar og ekki varanlegar.

Hnit GPS-mældra stöðva eru í kafla 3.2.

Hnit myndpunkta í Hamarsdal og Geithellnadal eru í kafla 3.4.

Hnit myndpunkta á Fjarðarheiði eru í kafla 3.5.

Tafla 14. Keiluhnitt með viðmiðun ÍSN93 og hæðir yfir sjó

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð yfir sjó (m)	Stytt nafn	Staðarnafn
LM0162	600351.077	549502.042	1222.31	BLAF	Bláfjall
LM0173	694485.718	570758.620	1251.	SMJR	Smjörfjöll
LM0175	665564.079	520617.084	950.04	HNEF	Hnefill
LM0177	728618.485	559927.433	1107.	BEIN	Beinageitarfjall
LM0180	711620.122	515757.764	1158.0	SAND	Sandfell
LM0188	695364.513	452091.469	1212.	AFRT	Afréttartindur
LM1504	633780.436	495083.103	1017.40	FF	Fagradalsfjall
LM1536*	725535.422	469985.977	43.22	BV	Bóndavarða
LM1599*	695559.448	483071.459	932.43	BHN	Bótarhnúkur
LM2010	624328.284	522094.314	1684.	HERD	Herðubreið
OS5314	603996.502	514352.902	.	HAIH	Háihnúkur
OS5423	610991.288	487575.327	735.10	HH	Holuhraun NA
OS5424	686579.821	508952.514	695.26	THVR	Þverfell
OS5426	695673.192	532898.023	684.8	AVH	Álftavatnshæðir NA
OS5427	703092.115	545198.775	562.0	BOT	Bótarheiði
OS5428	670286.164	509902.489	851.60	EYV	Eyvindarfjöll
OS5430	678537.524	506595.231	628.35	GIL	Gilsárkötn m. vatna
OS5431	710812.120	490864.390	1109.70	KIST	Kistufell
OS5432	680849.182	494807.267	699.82	SH	Stórhjúkur
OS5435	647827.262	489867.299	806.50	SF	Sauðafell
OS5440	674419.746	468687.974	1088.20	GELD	Geldingafell
OS5443	669685.318	482976.676	644.96	5443	Eyjabakkafoss A
OS5445	668841.950	498798.920	881.48	THR	Þrælaháls
OS5454	679524.537	484325.579	759.71	IS	Innri-Sauða
OS5455	669939.962	477037.430	726.30	MH	Múlhraun

*Hæð mæld frá B552 (hæð 3,43 m) í bryggju á Djúpavogi

Tafla 14. Keiluhnitt með viðmiðun ÍSN93 og hæðir yfir sjó (framhald)

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð yfir sjó (m)	Stytt nafn	Staðarnafn
OS5456	634219.483	481188.319	893.0	KVR	Kverká Sunnan
OS5458	605877.914	497535.346	805.40	DF	Dyngjufjöll sunnan
OS5459	622548.974	486495.704	971.90	LK	Hvannalindir vestan
OS5461	673386.259	528143.578	708.57	THO	Þórfell
OS5463	698769.498	550153.808	284.44	HS	Hauksstaðir
OS5465	684289.004	544721.777	569.16	5465	Háfjall
OS5607	693941.187	464489.177	981.54	5607	Hrossatindar
OS5608	701890.161	490821.655	664.67	5608	Ódádavötn norðan
OS5609	705309.245	478631.382	888.90	HAL	Háalda
OS5623	686848.280	505299.866	60.44	5623	Norðurdalur nyrst
OS5632	677200.018	509441.784	668.27	MHN	Miðheiðarháls norður
OS5633	672978.459	504087.777	670.10	MHS	Miðheiðarháls suður
OS5636	682963.186	511219.100	636.40	GAL	Grenisalda nyrst
OS5638	684368.137	506500.179	644.90	HBJ	Hólsbjarg norðan
OS5642	683285.499	501123.254	649.99	FAL	Fossáralda nyrst
OS5643	676506.928	492253.757	632.99	SNA	Sníkilsá austan
OS5644	667578.659	494767.904	709.59	SFN	Sauðafell norðan
OS5645	679921.880	508588.617	630.10	GVM	Gilsárvötn f. miðju
OS5646	680867.338	512564.774	636.16	GVN	Gilsárvötn norðan
OS5702	712918.830	566600.833	67.21	L002	Kirkjubær norðan
OS5703	715835.943	565004.943	65.54	L003	Skarðsás
